



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

6. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands var haldinn kl. 10:00 föstudaginn 24. janúar 2020 og er að þessu sinni símafundur.

Fundinn sátu:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Ólafur Páll Vignisson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Forfallaðir:

Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf
Eva Björk Harðardóttir, áheyrnarfulltrúi SASS
Kristín Jóhannsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands

Dagskrá:

[Erindi Ferðamálastofu um fjármagn til Upplýsingamiðstöðva](#)

Framkvæmdastjóri fer yfir forsögu málsins og skýrir núverandi stöðu. Ferðamálastofa hefur sett fjármagn til tveggja landshlutamiðstöðva á Suðurlandi hingað til, í Hveragerði og á Höfn. Nú leggur Ferðamálastofa til að fjármagnið fari í gegnum MSS. Um er að ræða skert fjármagn miðað við undanfarin ár. MSS hefur val um að láta fjármagnið renna til upplýsingamiðstöðva beint eða nýta fjármagnið í stafræna upplýsingagjöf.

Stjórn Markaðsstofu Suðurlands lýsir óánægju sinni með hvernig staðið er að þessu máli og að MSS sé sett í vonda stöðu. Upplýsingamiðstöðvarnar höfðu fengið óskýr skilaboð og var búið að reikna með hefðbundnu framlagi í gegnum Ferðamálastofu fyrir árið 2020. Þá finnst stjórn skipting þessa fjármagns milli landshluta, sem lögð er til af Ferðamálastofu, óeðlileg og ósanngjörn. Stór hluti ferðamanna sem koma til landsins ferðast um Suðurland og því væri til dæmis eðlilegt að horfa til þess við útteilingu

fjármagns til upplýsingagjafar til ferðamanna. Stjórn Markaðsstofu Suðurlands sér samt ekki aðra leið færa en að taka við fjármagninu og koma því áfram til upplýsingamiðstöðvanna tveggja að undanskildum hluta sem rennur til MSS vegna kostnaðar við umsýslu. Fjármagni til upplýsingamiðstöðvanna verði hlutfallsskipt miðað við fyrri framlög. Jafnframt kallar stjórn MSS eftir samtali við Ferðamálastofu um framhaldið og framtíðarskipulag fyrir opinbera upplýsingaveitu til ferðamanna. Óskað er eftir því að farið verði í greiningu á þjónustu og þróun upplýsingamiðstöðva og taka þannig ákvarðanir um starfsemi upplýsingamiðstöðva út frá tölum og staðreyndum.

Lagt er til að framkvæmdastjóri og fulltrúi stjórnar fundi með Sveitarfélaginu Hornafirði, Hveragerðisbæ og fulltrúa frá Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga um málefni upplýsingamiðstöðva í landshlutanum.

Fundi slitið kl. 10:40.